



## Fundargerð

### 25. fundur framtíðarnefndar Reykjaneshæjar, fjarfundur

17. nóvember 2021, kl. 15:00

Viðstaddir: Kolbrún Jóna Pétursdóttir formaður, Andri Örn Víðisson, Styrmir Gauti Fjeldsted, Súsanna Björg Fróðadóttir, Ríkharður Ibsen, Halldóra G. Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

#### 1. Betri Reykjaneshær (2019100329)

Berglind Ásgeirsdóttir garðyrkjufræðingur hjá umhverfismiðstöð mætti á fundinn og kynnti tillögu að þrautabraut við Kamb í Innri-Njarðvík sem tengist einni af þeim hugmyndum sem fengu mestan stuðning í hugmyndasöfnun á Betri Reykjaneshæ.

Framtíðarnefnd líst vel á tillöguna og leggur til að kostnaður vegna þrautabrautar í Innri-Njarðvík verði tekinn af fjárveitingu vegna hugmyndasöfnunar á Betri Reykjaneshæ, svo framarlega sem hann rúmast innan þess ramma. Málinu er vísað til afgreiðslu bæjarráðs þegar endanleg kostnaðaráætlun er tilbúin.

#### 2. Sjálfbærar borgir - ISO staðall 37120 (2021010385)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi mætti á fundinn og fór yfir nálgun Reykjaneshæjar á ISO37120 staðal World Council on City Data (WCCD) fyrir sjálfbærar borgir. Staðallinn mælir þjónustuveitingu borga og sveitarfélaga.

Framtíðarnefnd leggur til að Reykjaneshær hætti þátttöku í Framfaravoginni og taki upp mælingar í samræmi við ISO37120 staðalinn. Málinu er vísað til bæjarráðs.

#### 3. Umhverfis- og loftslagsstefna Reykjaneshæjar - aðgerðaáætlun (2020021391)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi mætti á fundinn og gerði grein fyrir vinnu við aðgerðaáætlun umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjaneshæjar fyrir árið 2022.

Framtíðarnefnd hvetur til að hraðað verði greiningu og framkvæmd á leðvæðingu sveitarfélagsins í samræmi við umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjaneshæjar.

#### 4. Úrgangsmál - þjónustusamningur við Kölku (202110335)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn og kynnti tillögur að áherslum vegna væntanlegs þjónustusamnings Reykjaneshæjar við Kölku.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20.